

Breyttir tímar



á Borgarfirði eystra

Elsa Katrín Ólafsdóttir

Breyttir tímar á Borgarfirði eystra

Lokaverkefni

Vorönn 2015

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Leiðbeinandi: Jón Ingi Sigurbjörnsson

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Ágrip af sögu Borgarfjarðar	5
Viðtöl	
<i>Jón Björnsson</i>	10
<i>Ásta Magnúsdóttir</i>	16
<i>Skúli Andrésson</i>	24
<i>Hólmfríður Jóhanna Lúðvíksdóttir</i>	30
<i>Kristján Geir Þorsteinsson</i>	36
Lokaorð	42
Heimildir	43



Dyrfjöllin séð úr Brúnavíkurskarði
Mynd: EKÓ

Mynd á forsíðu: HMA

Íbúum Borgarfjarðar eystra hefur farið fækkandi seinustu áratugi, atvinnuhættir hafa breyst, þjónusta dregist saman og mörg íbúðarhús eru orðin að sumarhúsum. Ef þessi þróun heldur áfram er framtíðin ekki björt hvað varðar búsetu á Borgarfirði.

Ég er fædd og uppalin á Borgarfirði, mér þykir mjög vænt um staðinn og allt sem að hann hefur upp á að bjóða. Hann er þekktur fyrir gott mannlíf, náttúrufegurð, og þjóðsögur. Með tilliti til byggðarþróunar síðustu árin langaði mig að fá fram álit fólks sem þekkir til á Borgarfirði og lætur sig framtíð staðarins varða. Því ákvað ég að tala við eldri og yngri íbúa staðarins og sjá hvaða augum þau líta byggðar- og atvinnuþróun á Borgarfirði.



Svartfell
Mynd: EKÓ

Ágrip af sögu Borgarfjarðar

Borgarfjörður eystra er nyrsti fjörður Austfjarða. Hann hefur verið í byggð síðan á landnámsöld. Hann er staðsettur um 70 kílómetrum frá Egilsstöðum. Leiðin til Borgarfjarðar liggur um Vatnsskarð og Njarðvíkurskriður um malarveg. Leiðin er auk þess oft þungfær að vetri til og fólk sem er óvant malarvegum finnst einnig erfitt að koma hingað að sumri til. Borgarfjörður dregur nafn sitt af Álfaborginni sem að stendur í þorpinu en talið er að álfar búi þar og eru til margar álfasögur um svæðið. Þorpið á Borgarfirði hét Bakkagerði en nafnið var lagt niður með lögum um 1970 en er oft ennþá kallað sínu gamla nafni.

Margar góðar gönguleiðar eru um Borgarfjarðarhrepp, þær eru allar merktar og skráðar niður í gönguleiðakort. Hreppurinn spannar svæðið frá Njarðvík til Loðmundarfjarðar en sá fjörður var sameinaður

Borgarfjarðarhreppi fyrir um 40 árum síðan en fram að því var hann sjálfstæður hreppur. Uppúr 1990 var farið að vinna mikið í ferðamálum í hreppnum, stofnaður var Ferðamannahópur Borgarfjarðar sem að stóð fyrir því að merkja og stika margar gönguleiðir á svæðinu undir nafninu Víknaslóðir. Ferðafélag Fljótisdalshéraðs hefur byggt þrjá skála á Víknaslóðum, í hverjum þeirra er gistipláss fyrir 30-40 manns. Þetta svæði er orðið frægt fyrir náttúrufeguð, vinsælt til útivistar bæði af íslenskum og erlendum ferðamönnum.

Á Borgarfirði er fallegur fjallahringur og fjölbreyttar



Göngufólk með Hvítserk í bakgrunn
Mynd: HMA

steinategundir. Marglit líparít fjöll sunnanmegin í firðinum, en norðan til í fiðrinum er blágrýti eða basalt og það er mest áberandi í Dyrfjöllunum. Uppúr 1980 fannst steintegund hér á svæðinu sem að síðan var greint sem ljós jaspís og talið er að hann finnst ekki annarstaðar í heiminum.

Atvinnulíf hefur breyst mikið frá fyrri árum. Árið 1895 varð Borgarfjörður löggildur verslunarstaður. Áður fyrr var rekið kaupfélag með margskonar starfemi, svo sem frystihús, sláturhús á haustin, fiskimjolsverksmiðja, síldarsöltun á seinni árum og verslun þar sem að allt fékkst frá byggingarvörum til saumnála og allt þar á milli. Þetta kaupfélag hét Kaupfélag Borgarfjarðar og starfaði til 1967 en þá yfirtók Kaupfélag Héraðsbúa reksturinn og starfaði á Borgarfirði næstu 40 árin, upp úr 1990 var smá saman degið úr starfseminni, slátrun var hætt hér á svæðinu, fyrstihúsinu lokað og öll umsvif verslunnar minnkuðu þangað til að það var einungis eftir dagvöruverslun. Þegar Kaupfélag Héraðsbúa fór á hausinn tók Samkaup við verslun en núna er verslunin einkarekin síðan 2014 og ber nafnið Eyrin. Pósthús var á Borgarfirði vel fram yfir aldarmótin en eftir það hefur landpóstur þjónað svæðinu. Á milli 1950-1960 bjó hérna læknir og auk þess starfaði ljósmóðir hér sem að starfaði sem húkrunarfræðingur. Eftir 1960 kom læknir hingað einu sinni í viku fram undir 2000 en svo dróg úr þjónustunni þar til hún lagðist af en núna er hér hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi.



Gamla aðferðin til að landa fisk.
1970-1980
Mynd: HMA

Á síldarárunum á milli 1960 og 1970 voru tvær síldarsöltunarstöðvar, Borg og Kögur og síldarbræðsla það var mikil atvinna og allir sem að vetlingi gátu valdið unnu við söltun. Hérna voru saltfiskverkanir og verkuð grásleppa. Einnig var starfandi á staðnum saumastofa og bóka-verslun.

Það var sauðfjárbúskapur í hreppnum og er enn, búunum hefur fækkað en þau sem að eftir eru hafa stækkað. Það hefur lengismábátaútgerð á Borgarfirði, fjöldi bátanna hefur haldist nokkuð stöðugur en bátarnir hafa stækkað með tímanum vegna bættrar hafnaraðstöðu eftir að gerð var höfn út við Hafnarhólma. Í fiðrinum eru reknir eru grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli sem að reknir eru allir undir einu þaki.

Ferðamanna iðnaðurinn hefur aukist síðustu ár og ferðamenn koma hingað til þess að njóta fjarðarins, labba á fjöll og slaka á. Núna eru rekin tvö hótél og tvö gistihús innan hreppsins allt árið um kring en eitt kaffihús og einn veitingastaður bætast við á sumrin. Annað hótelið, Hótél Blábjörg, var frystihús þegar atvinnulíf Borgarfjarðar blómstraði sem mest en síðustu ár hefur húsið verið ónotað og í slæmu ásigkomulagi þangað til að það var gert upp og gert af hóteli og heilsulind. Ferðaþjónustan hefur góð áhvirf á atvinnulíf Borgarfjarðar og ungt fólk héðan og annarstaðar að af landinu kemur og vinnur við ferðaþjónustu á Borgarfirðri á sumrin. Það er mjög vinsælt hjá ungu fólki að koma hingað á sumrin vegna mikils



Bændur í Geitavík. Gamlar heyskaps aðferðir.
1960-1970
Mynd: HMA

félagslífs, eins og með tilkomu Bræðslunnar og tónleikahalds Já Sæls í Fjarðarborg. Bræðslan er nú orðinn einn vinsælasti tónlistarviðburður landsins og seldist upp á innan við 20 mínútum á komandi tónleika 2015. Þessir tónleikar hafi haft mjög góð áhrif á ferðamenskuna og ímynd Borgarfjarðar.

Íbúum Borgarfjarðar fækkaði mjög á síðustu öld en hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu ár. Það er mest unga fólkið sem að flytur í burtu til þess að mennta sig, það flytur fyrst í burtu 16 ára til þess að fara í menntaskóla en oft fara þau í framhaldsnám annað og of fáir snúa aftur í fjörðinn.

1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
215	207	201	189	183	176	178	153	152	142	146	150	140



Tafla:
Fólksfjöldi í
Borgarfjarðarhreppi frá árinu
1990 - 2002 samkvæmt Hagstofunni.

Mynd til vinstri: Svartfell

Mynd til hægri: Horft til suðurs úr
Hofstrandarskarði

Myndir: EKÓ





Borgarfjörður um 1970
Mynd: HMA



Borgarfjörður um 1980
Mynd: HMA



Borgarfjörður 2009
Mynd: HSH



Nafn:
Jón Björnsson

Fæðingardagur:
20. september 1935

Starf:
Ellilífeyrisþegi

Búseta:
Borgarfjörður eystri

E: Hvað hefur þú búið lengi á Borgarfirði?

J: Það eru, bíddu nú við nú þarf ég að reikna, ég bjó á Akranesi í 13 ár, fyrst hérna og svo á Akranesi og síðan hér síðan 2003. Ég er fæddur og uppalinn hér.

E: Við hvað vannstu?

J: Ég vann nú bara við það sem að til féll svona, aðalega var það nú sjórinn sem að var svona manns lifibrauð fyrstu árin tíðkaðist að fara á vertíð héðan á veturna, þá var farið eftir nýárið og ekki komið heim fyrr en í maí, svona yfirleitt. Svo tók sjórinn við, þegar heim var komið. Og svo allt mögulegt, allt sem að tilféll. Ég var til dæmis mörg, mörg ár í sláturhúsinu, og svo var ég talsvert við smíðar líka, sérstaklega eftir að Hörður bróðir fór að vera með þessa bátasmíðar sínar, þá var ég töluvert mikið með honum. Eins eftir að ég fluttu suður þá var ég dálítið við smíðavinnu, en annars bara svona ýmiskonar vinnu, yfirleitt tengda sjónum samt.

E: Já eins og svo margt hér. Hvað varstu gamall þegar þú fórst að vinna?

J: Þegar ég fór að vinna þá var ég svona 14-15 ára, já eða jafnvel fyrr, 14 ára, var alveg óhætt að segja. Ég snapaði vinnu hjá Kaupfélaginu við uppskipun og svoleiðis, það var nú svona það fyrsta eiginlega, nú svo smávegis jókst þetta og upp frá því fór ég að fara á sjóinn, 15 ára gamall svona alfarið yfir sumarið. Ég var með mági mínum sem að átti þá trillu, fyrstu árin, já eða nokkuð mörg ár, alveg þangað til að ég eignaðist sjálfur trillubát. Já, já það var alveg til, þegar ég eignaðist hann var ég orðinn 27 ára held ég, og svo var þá bara áfram haldandi eftir það, á meðan ég bjó heima þá flutti ég nú suður þarna á tímabilinu sem að ég var að segja þér frá áðan og átti þar í 13 ár.

E: Tókstu þátt í síldarárunum?

J: Já, já ég gerði það. Þetta var alveg ægileg vinnu þrælkun má segja, á meðan á þessu stóð. Það var vakað bara og vakað, unnið og unnið, nánast á meðan menn stóðu uppi. Þetta var eins hjá ömmu þinni og þeim þarna úti á Kögrinu. Ég var nú að keyra vörubíl svolítið sem að þeir áttu, Bræðslan og Söltunarstöðin, sem að var alltaf kallað Bræðingur. Það kom fyrir þegar það var verið að keyra í Bræðsluna að maður þurfti auðvitað að vaka töluvert á annann sólarhring, þá vissi maður eiginlega hvorki í þennann heim né annann.

Mann var farið að dreyma vinnuna þegar maður lagðist útaf, það fylgdi manni alveg inn í svefninn.

E: Voru þetta langar vaktir?

J: Það voru engar vaktir sko, það var bara unnið á meðan fólk gat staðið í lappirnar og að vakað. Nei, nei það voru ekki vaktir, ekki nema sko bara hjá þeim sem að unnu þarna í bræðslunni, þeir voru náttúrulega alltaf í vaktavinnu. Þeir unnu 8 tíma vaktir held ég á sólarhring eða meira, þá var unnið allan sólarhringinn sko.

E: Ertu með einhverja menntun?

J: Enga menntun nei, nei.

E: Fórstu í barnaskóla?

J: Já til 14 ára aldurs en ég fór aldrei í gagnfræðiskóla. Því miður gafst manni aldrei tími til þess og mig hafi kannski vantaði líka bæði löngun og trú á að maður geti lært eitthvað svoleiðis, það var aldrei neitt.

E: Voru margar skemmtanir hérna á Borgarfirði? Þorablót og svona.

J: Já, já Þorablót voru alveg hreint frá því að ég man eiginlega nánast eftir. Það var alltaf á hverjum vetri, svo fóru þau nú að breytast, svona smá breytast, áður fyrr voru þetta bara t.d. skemmtiatriðin, það voru bara nokkrir kallar sem að lásu beint upp, það sem að okkur krökkunum fannst hundleiðinlegt, eða unga fólkinu. Maður fékk nú ekki að fara held ég fyrr en maður var fermdur, mig minnir það, 13, 14 ára held ég, en svo fóru blótin að breytast og það skemmtiatriðin breyttust bara tiltölulega snögglega og það var nú eiginlega Siggi Pálsson sem að innleiddi það hann kom svona með nýja sýn, gera grín af náunganum, það þekktist aldrei fram að því.

E: Var alltaf ball og svona?

J: Já þá var ballið eftir þorablótið, það stóð alveg framundir 6, 7, 8 jafnvel 9 á morgnanna sko, það var ekki skemur en 6- 7. Ef að blótið var á sunnudagskvöldi þá var það bara nýbúið þegar við vorum að fara í skólann daginn eftir.

E: Voru eitthverjar fleiri skemmtanir heldur en eru núna?

J: Já það voru nú alltaf haldnir dansleikir á sumrin, það var alltaf á sjómannadaginn og yfirleitt alltaf á 17. júní og a.m.k. einu sinni eða tvisvar oft en það.

E: Hvers saknar þú svona mest frá gömlu tímunum?

J: Ég skal nú segja þér það að ég sakna nú eiginlega einkis vegna þess að það hafa orðið það miklar umbætur á öllum sviðum að það er bara ekki hægt að sakna neins. Maður saknar þó kannski hvernig menn léku sér, þá var verið í allskonar leikjum sem að maður sér aldrei krakka í núna, það var t.d. það sem að við kölluðum Slagbolta og það er nú mjög líkt skal ég segja þér og herna hafnarbolti. Já það var svona, síðan vorum við í Yfir, þá hentum við boltanum yfir þak og þá skal ég segja þér, veist þú ekki hvernig það var?

E: Jú, við vorum í þessu þegar ég var lítil.

J: Nú já, já, það hefur haldist svona lengi fram eftir. Það voru allskonar feluleikir, slagsmál á milli Efríbyggðinga og Svínahverfinga, það var svona ýmislegt. Maður virtists alltaf hafa nóg að gera, já ég sakna þess nú kannski. Annars er það einkis sem að ég sakna, t.d. öll aðstaða við sjó og annað, þetta hefur alveg gjörsamlega gjörbreyst, þetta var svo ótrúlegt erfiði, ég veit það þið unga fólk þið trúði ekki eða gerið ykkur ekki hugarlund hvað það er mikil breyting sko.

E: Nei ég var einmitt að skoða myndir frá Helga bróður mömmu, það hefur mikið breyst. Hvað finnst þér eftirminnilegast? Af bernskuminningum og svoleiðis.

J: Já það er nú bara, eiginlega ekkert sérstakt, ekkert frá því að ég var krakki, vegna þess að ég var svo ungur þegar pabbi minn dó að ég geri mér ekki grein fyrir hvernig það var hjá mér. Annars er það ekkert sérstakt sem er minnstætt, nei ekki frá því að ég var krakki. Aðalega fannst mér það bara verst eftir að ég fór nú að verða stálpaður eins og maður kallar það, það var helvítis uppskipunar vinnan, hún var alveg hreint hræðileg, það var nú Bubbi setti mig nú alltaf í uppskipunarbátana, mannst þú eftir því? Nei, nei þá voru þeir dregnir á trillubát sko, uppskipunarbátarnir, útað skipi, skipin sem að lágu út á leggunni bara. Bubbi setti mig alltaf í þessa helvítis báta, það fannst mér verst af öllu, já leiðinlegt, svo var það erfitt líka og þegar kalt var og mikið frost kannski var maðu alveg að drepast úr kulda þá voru nú ekki til utan yfir föt eins og þau voru núna sko, það var ekki nærri því eins góður fatnaður, hvorki til handa eða bara yfirleitt, alltaf með rennandi blauta vettlinga, kannski í 10 stiga frosti, sjálfsagt verið að halda bátunum að skipinu þegar það var einhver ókyrrð, eins og oftast var nú að vetrarlagi, það var leiðinlegt, ég held ég hafi ekkert meira um það að segja.

E: Hvað finnst þér um Borgarfjörð í dag? Hvernig allt er orðið?

J: Já það er nú það, ég eiginlega veit ekki hvað ég á að segja, mér finnst bara svolítið sárt hvernig er komið fyrir atvinnulífi hérna, já þetta er ekki glæsilegt fyrir ungt fólk ef að það langaði til að búa hérna og setjast að, það er nefnilega ekki glæsilegt skal ég segja þér. Óstöðug atvinna, það lýst mér einna verst á. Fólk er eins og það hefur alltaf verið, ágætt bara, svolítið upp og ofan en yfirleitt ágætt. Það hafa ekki verið nein hérna vandræði í kringum unglinga, eða allaveganna ekki að mér vitandi. Þú ættir nú að vita það mikið betur en ég. En mér finnst eins og ég sagði, þetta er mjög mikið vandamál, með atvinnuástandið.

E: Já, ég er sammála þér, hvernig finnst þér þróunin hafi verið? Það hefur orðið svo mikil breyting á öllu, t.d. enginn lækni, ekkert flug og bara minni iðnaður.

J: Já, já, það er náttúrulega til hins verra sko, það er bara mjög slæm breyting, ekkert flug og ég veit ekki hvort að það er hægt að lenda flugvél á flugrautinni. Það eru sem sagt atvinnumöguleikarnir, voða erfitt að halda fjölbeyttri atvinnustarfsemi í svona litlu plássu. Síðan eru lækna málin alveg skelfilegt vandamál, maður finnur það best þegar maður eldist sko, þá þarf maður á lækni að halda.

E: Já, hvernig finnst þér eins og að Fyrstihúsið sé orðið að hóteli og allur ferðamannaiðnaðurinn hefur aukist?

J: Það er bara til hins betra langt sem að það nær, þetta er bara of stuttur tími sem að hægt er að nýta það, en þetta er bara mjög gott, það er eins og ég segi það er bara í ágætu horfi finnst mér eins langt og það nær. Annað með Frystihúsið, það mér finnst ólíkt betra að sjá að það hafi verið hresst við svona heldur en að sjá það brotið niður.

E: Hvað hérna hvað finnst þér um Bræðsluna og svona allt sem að tengist henni?

J: Ég get voða lítið sagt um hana sko ég er nú bara alveg hissa ennþá hvað þetta hefur farið vel fram, fram að þessu.

E: Já, friðsamlegt og svona?

J: Já maður heyrir nú allt náttúrulega hérna á svona fámennum stað sko. Maður myndi nú heyra ef að það væri einhver veruleg vandræði t.d. eiturlyf eða önnur vandamál, maður hefur ekki heyrt neitt, sjálfsgat er

Það eitthvað, að öðru leiti hef ég ekkert nema allt gott um þessa skemmtun að segja, bara allt gott.

E: Verðuru ekki fyrir neinni truflun vegna þess að tjaldsvæðið er svona nálægt?

J: Nei alls ekki.

E: Það er frábært. Hvernig sérð þú framtíð Borgarfjarðar svona næstu árin?

J: Nú er ég eiginlega bara mát. Það er svo erfitt að spá um hvað framtíðin ber í skauti sér. Maður sér það hérna af þessum smá stöðum, sem að eru hér allt í kringum mann, hvað þeir eiga erfitt uppdráttar. Ég er hræddur um að Borgarfjörður eigi mjög erfitt skeið framundan, hvort að það komi til með að breytast veit maður náttúrulega ekki, vonandi væri það.

E: Já, helduru að þetta verði svona ferðamannastaður?

J: Það verður aldrei ferðamannastaður miðað við allt árið fyrir en að samgöngur eru orðnar öruggari. En hvernig það yrði svo er ég ekki tilbúinn til þess að svara. Það er ekki nóg að það séu bara ferðamenn um hásumarið, nærri því nóg.

E: Hvar ertu fæddur?

J: Það heitir Sólheimar, ennþá, það er að vísu búið að breyta húsinu. Ég fæddist þar og ólst upp.



Bátar á bryggjunni.
1980-1990
Mynd: HMA



Nafn:
Ásta Magnúsdóttir

Fæðingardagur:
8. október 1941

Starf:
Ellilífeyrisþegi

Búseta:
Egilsstaðir

E: Hvað hefuru búíð lengi á Borgarfirði?

Á: Ég flutti þangað 1960 og ég flutti hérna upp eftir um 2007 fyrir alvöru.

E: Afhverju fluttiru niður eftir?

Á: Af því að ég bara fór þangað til þess að gifta mig og svona, fann mér mannsefni á Borgarfirði og flutti til hans.

E: Já, hvað varstu þá gömul?

Á: Ég var 19 ára, og við giftum okkur á tvítugsafmælinu mínu.

E: Okei, við hvað vannstu á Borgarfirði?

Á: Það var nú dálítið verk að hugsa um börn og bú og svona, og svo var ég náttúrulega að vinna í fiski og bæði Frystihúsinu og síðan var ég á saumastofunni og seinna í Fiskverkun Kalla Sveins og svo kom atvinnuleysisstímabil, eitt eða tvö sumur vorum við í svona atvinnubótavinnu þegar að engu vinnu var að hafa þá vorum við upp um fjöll og að hlaða vörður, hlaða gamalr vörður og tína steina úr götunum, rifum niður girðingar og steypa gangstéttar, þetta var bara svolítið gaman, nema ekki kannski gangstéttirnar því að ferðamönnum var svolítið starsýnt á þessar kerlingar liggjandi á hnánnum við að hlaða upp, eða reka saman mót fyrir gangstéttirnar en þetta voru fyrstu gangstéttirnar sem að komu á Borgarfjörð.

E: Já og eru þar enn.

Á: já þær eru eitthvað farnar að brotna niður sýnist mér.

E: Hvenær byrjaðir þú að vinna?

Á: Á Borgarfirði?

E: Já eða bara yfir höfuð.

Á: Ég var búin að fara t.d. á vertíð í Vestmannaeyjum í tvo vetur áður en ég flutti á Borgarfjörð, það var mikið um það á þeim árum að ungt fólk fór til Vestmannaeyja og unnu baki brotnu og mikið upp úr því að hafa.

E: Ertu með einhverjar minningar frá síldarárunum? Tókstu þátt í þeim?

Á: Já, já. Það var nú það fyrsta sem að ég vann á Borgarfirði, þá vann ég í síldinni, reyndar var ég í einn

vetur í Kaupfélaginu sko, skrifstofu Kaupfélagsins. Þá var allt handskrifað í bækur, reiknað út og lagt saman í dálka, það var nú samlagningarvél en það voru engar tölvur eða neitt svoleiðis og allt handskrifað, reikningar og nótur og fært inn í höfuðbók og svona. Þá var Jón Björnsson kaupfélagsstjóri og þá voru a.m.k. þrír á skrifstofunni allann veturinn.

E: Voruð þið afi að vinna saman?

Á: Já.

E: Ertu með eitthverja menntun?

Á: Ég er Gagnfræðingur frá Eiðum, semsagt Hérðasskólanum á Eiðum, tók Gagnræðipróf sem að núna myndi vera svona svipað og stúdentspróf held ég eða allavega þetta var sko talin bara ágætist menntun, gagnfræðipróf, núna þarf reyndar háskólapróf til þess að maður sé eitthvað menntaður. Svo fór ég líka einn vetur til Svíþjóðar á vegum Norrænafélagsins í Lýðháskóla í Dölum í Svíþjóð, fór um tvær vinkonur saman vorum 17, 18 ára og þar unnum við reyndar sumarið eftir í bakaríi sem opnaði kl 6 á morgnanna. Við löbбуðum í vinnuna. Við vorum búna svona um 2 leitið þá gátum við legið í sólbaði, þetta var hásumarið, gott líf bara.

E: Manst þú eftir mörgum skemmtunum á Borgarfirði? Þorrablót, álfaborgarséns og svona?

Á: Já Álfaborgarséns kom nú ekki fyrr en bara þegar Kvennfélagið byrjaði að vera með böll um Verslunarmannahelgi og það var svona upphafið, ætli það hafi verið svona upp úr 1980.

E: Finnst þér að skemmtanir hafi breyst mikið með árunum?

Á: O já, þegar ég kom þá var Félagsheimilið ekki komið sko, þá var svo kallaður Gamli skóli sem að var notaður til skemmtanahalds og þar voru engin borð, þar sat fólk bara með fram veggjunum, konurnar yfirleitt öðru megin og karlmennirnir hinumegin og svo var boðið upp í dans. Það var nú ekkert löngu seinna sem að var farið að nota sem sagt anderið í Félagsheimilinu, það var byrjað með það, þegar skólinn flutti inn þá var kláraður sá endi í Félagsheimilinu og þar sem að er eldhús núna það var líka byrjað mjög snemma að innrétta það og það var pósthús þar og símsstöð í þeim enda, þangað til að nýja pósthúsið var byggt.

E: Hvers saknar þú mest við gamla tíma á Borgarfirði?

Á: Fólksins sennilega, flest allir sem að voru á góðum aldri þegar ég kom og núna eru allir farnir og dánir og þetta er orðið allt annað samfélag heldur en var.

E: Finnst þér samfélagið hafa breyst mikið?

Á: Já bara eins og allstaðar þetta er allt annar tími, bara til dæmis það var komið rafmagn í þorpið þegar ég kom en það voru bara vélar og það var alltaf slökkt á þeim á miðnætti, þá varð maður bara að kveikja á kertum eða lampa ef að maður vildi vaka lengur.

E: Hvað? 1960?

Á: Já, en þá var það ekkert löngu seinna sem að það kom rafmagn héðan og ofan úr héraði, þá gat maður lesið fram yfir miðnætti og svo kom náttúrulega sjónvarpið, það var ekki fyrr en 1970, það breytti náttúrulega töluverðu en það var oft komið saman og spilað t.d. félagsvist var nokkuð oft og svo náttúrulega á sumrin voru dansleikir, en jú svo voru náttúrulega mjög oft sett upp leikrit, flest ár fyrstu árin sem að ég var, þá var reynt að setja upp leikrit fyrir jólin, svona jólasýningar, síðan voru náttúrulega barnasamkomur, það voru svo mikið af börnum, stórar barnafjölskyldur á hverjum bæ.

E: Voru það svona svipaðar barnasamkomur og eru núna? Dansa í kringum jólatréð og fá mandarínur?

Á: Já og kökur, jú, jú það var eitthvað svipað bara fleiri börn og kannski líka fleiri fullorðnir sem að komu til að fylgjast með.

E: Hvað finnst þér eftirminnilegast frá þessum tíma?

Á: Nú er stórt spurt, já kannski bara síldarárin, það gátu verið mörg síldarskip sem að lágu og við bryggju og allir unnu sem að vettlingi gátu valdið og það var vakað á nóttunum og einhverjir og einhverjir fengnir til þess að passa börnin, ég man t.d. einhvetímann eftir því að strákarnir mínir komu þrír inn á söltunarstöðina að morgni til og ég var búin að vera að salta alla nóttina, amma þeirra var sennilega hjá þeim, svo komu þeir allir upp á klæddir um morguninn að fylgjast með hvernig gengi og svona, ætli ég hafi ekki farið með þeim heim þá, ég hugsa það. En þetta var töluvert líf svona, en gat verið ansi erfitt.

E: Já ég get sko trúað því, hvað finnst þér um Borgarfirði eins og hann er í dag? Þá meiri ferðamanna iðnaður og minni iðnaður á öðrum sviðum?

Á: Já, það er bara orðið alltof fámennnt, það virðist vera að menn reyna að lifa af ferðamönnum það eru ekkert margir sem að treysta sér að búa þarna árið um kring en vilja gjarnan verða þarna um sumrin og allir hafa miklar taugar til Borgarfjarðar, þeir sem að hafa verið þar og afkomendur þeirra jafnvel, en vilja ekki setjast að það er bara gott að koma og eiga eitthvað athvarf og svona.

E: Helduru að það sé útaf samgöngum?

Á: Samgöngum? Það er sjálfsagt að mönnum finnist ekki nóg um að vera og það vantar náttúrulega atvinnu yfir veturinn, það er ósköp lítið að hafa.

E: Hvernig finnst þér þróunin hafa verið?

Á: Náttúrulega neikvæð af mörgu leiti, eins og það er ömurlegt að það séu ekki nema bara sextán börn í skólanum, það er óvíst hversu lengi það er hægt að halda uppi almennilegri kennslu með svona fá börn til dæmis. Og ef að skólinn fer þá væri nú ansi lítið eftir, skólar eru nú yfirleitt svona grunnstoðin eiginlega í hverju samfélagi, að það sé góð menntun fyrir börnin í boði!

E: Hvernig sérðu framtíð Borgarfjarðar svona næstu árin?

Á: Ég vona allavega að það fari eitthvað upp á við, ég hef nú enga trú á að við fáum jarðgöng á næstunni eða eitthvað svoleiðis en vatnsskarðið er oft ansi leiðinleg hindrun það er oft svo hvasst og mikil háлка, ég og ábyggilega fleiri eru ekki hrifnir að fara yfir fjöll í bæði roki og háلكu eins og oft er á veturnar. En í raun og veru eru samgöngurnar nokkuð góðar þannig, það er opnað flesta daga og gengur rúta alla fimm virku dagana svoleiðis að það er svo sem ekkert, við erum ekkert mjög einangruð þannig. Nei, nei síðan er náttúrulega lítið af ungu fólki og þar af leiðandi er lítið um að vera og skemmtisviðið eða þannig yfir veturinn en svo bæta menn sér þetta upp á sumrin, þá er alltaf eitthvað um að vera.

E: Hvað finnst þér um Framfararfélagið?

Á: Ég er hrædd um að það hafi orðið miklu minna úr því heldur átti að verða, það var mikill hugur í fólki þarna svona fyrst en síðan lognaðist. Ég allavega vona að Borgarfjörður eigi eftir að rétta úr kútnum, það

segja allir að það sé hvergi betra að vera, eða ansi margir og hafa svo sterkar taugar til staðarins, náttúrulega er náttúrulega alveg einstök. Ég vil allavega ekki sjá hann fara í eyði og heldur ekki sjá þetta bara sem sumarvalarstað. Mennt verða að vera eitthvað svolítið bjartsýnni og gera eitthvað í málunum og finna upp einhverja atvinnu. Núna er líka svo margt hægt að gera í fjarvinnslu og ýmislegt, þurfa ekkert að vera í Reykjavík t.d. þó að þau séu að vinna þarna við verkfræði eða hvað sem er, það er hægt að gera svo margt í tölvu menn þurfa ekkert að vera alveg í 101 eða þannig.

E: Já, hvað finnst þér um Bræðsluna?

Á: Hún er búin að gera mikið gott, þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel en maður er samt alltaf svolítið hræddur að fá fleiri þúsund manns á staðinn en það hefur gengið alveg ótrúlega vel og sett Borgarfjörð alveg endanlega á kortið, allir vita um bræðsluna, þó að fyrstu árin gerðu menn svo lítið af því að villast inn í Borgarfjörð syðri að leita af Bræðslunni þar. Þessir strákar eru búnir að gera mjög gott, eins með tónleikahaldið hjá þeim félögunum í Fjarðarborg, það er búið að vera mjög gott hjá þeim.

E: Já þeir hafa verið mjög duglegir. Hvað finnst þér um Frystihúsið núna, búið að gera það upp og gera það að hóteli?

Á: Já mér finnst það bara mjög gott.

E: Ertu búin að fara inn?

Á: Nei ég er ekki ennþá búin að fara í spaið, en langar til þess.

E: Já ég mæli með því.

Á: Ég hef bara skoðað herbergin uppi og þarna niðri og mér finnst þetta alveg stórkostlegt hjá þeim.

E: Já, myndir þú vilja sjá fleiri svona hús gerð upp og gert eitthvað úr þeim?

Á: Já endilega, en náttúrulega helst að það sé bara verið að búa í þeim, ekki fleiri sumarhús!

E: Ætli það séu ekki fleiri sumarhús heldur en íbúðarhús heima.

Á: Júhú það eru svo mörg sem að nýtast bara fyrir fólk sem að býr bara annar staðar, það á orðið svo mörg hús, notar þetta bara yfir sumarið og svo ef að einhverjir vildu nú setjast að þá er ekkert húsnaði að hafa svoleiðis er þetta.

E: Hvar ertu fædd?

Á: Í Jökulsárhlíð, Másseli í Jökulsárhlíð, í torfbæ.

E: Nú, í torfbæ! Okei! Það er svolítið merkilegt.

Á: Já það er það, það eru ekki margir á mínum aldri, ég var 4 ára gömul þegar ég flutti úr gömlu baðstofunni, en ég man nú eiginlega ekki eftir neinu í henni, en ég sá og kom þangað inn seinna sko, það hefur ábyggilega einhvetímann verið þröngt þar.

E: Já með öll börnin.

Á: Já, en 4 ára gömul flutti ég í annann bæ í sömu sveit og þá var líka þröngt, það hét Eyjasel. Pabbi og mamma og þrír yngstu bræðurnir og ég fluttum þangað og þar var fyrir einn kall og fóstursonur hans og það voru fjögur herbergi í húsinu, ein sofa og þrjú lítil svefnherbergi. Karlinn hafði náttúrulega eitt herbergi fyrir sig, síðan voru bræður mínir þrír og pabbi og mamma og ég og svo komu stundum gestir, meðal annars var systir mín og maður hennar einn vetur og eignuðust lítið barn á meðan þau voru þar, ég veit ekki hvernig þau komust öll fyrir!



Dyrfjöllin úr
Brúnavík
Mynd: HSH



Síldarsöltun á Kögri um 1960-1967
Mynd: HMA



Nafn:
Sk li Andr sson

F  ingardagur:
26. ma  1928

Starf:
Ellil feyris egi

B seta:
Egilssta ir

E: Hvað hefurðu búið lengi á Borgarfirði?

S: Ég er búinn að búa, sjálfstæðu búi síðan 1950. Ég flyt í Framnes 1958, þar er ég búinn að búa í rúm 60 ár.

E: Já, ertu fæddur og uppalinn á Borgarfirði?

S: Já, ég er fæddur og uppalinn á Snotrunesi og hef búið alla mína tíð, átt mína alla ævi þar heima á Borgarfirði.

E: Við hvað vannstu?

S: Við landbúnað aðallega. Byrjaði hjá föður mínum sem sem unglingur og barn, passa hesta og annað. Og svo þróaðist það upp í það að, að þangað til að fyrstu vélarnar fóru að koma þá voru notaðir hestar við búskap fram að því. Fyrsta traktorinn man ég eftir, kom 1946, Sigurður Jónsson á Sólbakka átti hann. Og svo koma tveir jeppar, nýjir jeppar, 1946 um haustið, annar í Snotrunesi sem afi minn átti en hinn í Desjamýri. Svona er það nú, svo fara að koma Kúppar svona rétt fyrir 1950. Og fyrstu Fergusonarnir komu þá rétt um 1950 líka.

E: Hvað varstu með margt fé?

S: Ég átti flest um 250 á fóðrum. Það eru rétt um 1970, eitthvað svoleiðis.

E: Fór fénu síðan að fækka?

S: Já, það gerði fyrst var það nú garnaveikin sem að setti skarðið hjá bændum, garnaveikin, það drap niður féð. Svo kemur riðveikin um 1970. Þá fækkar þetta allt og svo var allt skorið niður þarna 1987. Hver einasta kind á Borgarfirði, var skipt um fjárstofn.

E: Ertu með eitthverja menntun?

S: Nei, bara tvo vetur á Eiðaskóla, 1944-46.

E: Varstu í barnaskóla á Borgarfirði?

S: Já, barnaskóla fram til 13 ára. Bara að fermingu.

E: Hvernig var skólinn?

S: Það var ágætis skóli. Mikið af börnum.

E: Já, hvað heldurðu að það hafi verið mörg?

S: Ja, ég get nú ekki sagt það. Það hefur verið um 30-40 börn. Ég átti nú bara átta fermingasystkini.

E: *Hvað var kennt í skólanum?*

S: Það var allt, það var þetta venjulega. Það var fyrst og fremst lestur svona til að byrja með, svo voru bara vissar bækur. Það voru náttúrufræði, biblíusögur, landafræði og kristinfræði. Og svo reikningur og skrift náttúrulega. Og leikfimi svona smávegis. Og handavinna.

E: *Já. Var þetta bara fínn skóli?*

S: Anna Guðný Guðmundsdóttir sem ég var í fyrst í skóla hjá henni 10 ára. Og hún vildi láta alla krakka læra eitthvað í handavinnu. Og ég varð að læra að prjóna þar 10 ára gamall, taka lykkjum.

E: *Hefur það nýst þér?*

S: Nei, voða lítið hef ég notað það.

E: *Manstu eftir eitthverjum skemmtunum á Borgarfirði?*

S: Já, það var mikið um skemmtanir alltaf, það var þetta fasta. Ungmannafélagið var svo mikið starfandi þarna. Kröftugir félagsmenn þar. Og íþróttamennirnir voru alveg þrælmagnaðir sko, í öllum frjálsum íþróttum og fótbolta. Svo voru skemmtanir þarna sem Ungmannafélagið sá um, leiksýningar á hverjum vetri um jólaleitið. Og svo náttúrulega þessar æfðu íþróttir, þarna 1944-1948 voru magnaðir íþróttamenn. Ég veit ekki hvort ég á að nefna nokkurn, þú ræður því. Hilmar Jónsson, frændi þinn, hann var svo mikið í ungmannafélaginu og hann dreif þetta áfram. Og þar var einn minnisstæðurmaður sem að var á Borgarfirði, Árni Tryggvason leikari, hann var þarna á þessum árum 1940 og 1946. Hann var mikill íþróttamaður, fimleikamaður alveg með afbrigðum. Maður sá það. Hann kom frá Laugaskóla. Það voru afbragðsdrengir allt saman, þetta var svo skemmtilegt og gott fólk.

E: *Voru Þorralótin komin á þessum tíma?*

S: Þorralótin byrjuðu ekki fyrr en 1946. Fyrsta þorralót var þegar ég var kominn í Eiða og upp frá því hafa þau verið sko alveg víst frá 1945 eða 46.

E: *Sennilega breyst mikið með árunum.*

S: Já já.

E: Hvers saknarðu mest við gömlu tímana á Borgarfirði?

S: Ég veit það ekki, hvað á að segja um það. Það er sambandi við fjárhöld og smalarmennsku og annað. Sem snérist svo mikið um allt í sveitinni. Fjáreigendur í Borgarfirði, til dæmis um 1945, voru sennilega um 50 en nú eru þeir kannski, ætli þeir séu ekki um 10 núna.

E: Já, hafa mikið fækkað.

S: Og gaman að segja frá því að þegar smölun fór fram á haustin þá var Hreppurinn smalaður allur sama daginn. Það voru um 50 smalar sem að hefðu þurft að vera til þá.

E: Hvað finnst þér svona eftirminnilegast ef þú hugsar aftur?

S: Já það er svona helst í sambandi við íþróttir, skemmtanir, fótbolti og annað. Já já. Og svo náttúrulega unglíngarnir, þegar að ég fór að eignast krakkana. Hvað þau voru skemmtileg krakkarnir, þarna á næstu bæjum.

E: Hvað finnst þér um Borgarfjörð eins og hann er í dag?

S: Ja, hann er ágætur. En ég kvíði mest fyrir því að sjá kannski að landbúnaðurinn muni leggjast af þarna. Þarna eru núna, ég var að hugsa um þetta núna allatf annað slagið. Núna eru 10 bændur þarna og þeir eru flestir komnir yfir sextugt. Og það er ekki hægt að sjá að sé neinn að ganga inn í. Taka við hvað sem verður nú. Og þeim má ekki fækka eða fara mikið færri. Þá er óbúandi fyrir þá sem eftir verða. Ég hef nú mestar áhyggjur af þessu.

E: Hvernig finnst þér þróunin hafi verið?

S: Hún hefur bara verið mjög góð. Í hreppnum og mannlífinu, mjög gott. Og framfarir svo miklar, til dæmis hjá Hreppnum, að hann skuli geta gengið þessi litli Hreppur svona fram að þessu. Búið að malbika þarna og hreinlæti og allt á fullu í þessu litla samfélagi.

E: Já, ég er sammála því.

S: Og svo náttúrulega hvað er núna, eins og stendur núna í sambandi við ferðaþjónustuna. Hvað þetta hefur mikið gert fyrir Hreppinn í heild. Svo þetta með verslunina hún er dálítið vandræðanleg svona. Það er ný tekinn við þarna maður og vonandi heldur hann þessu áfram, hann Viðar. Það margir Borgfirðingar hafa

kviðið fyrir er að missa verslunina úr Hreppnum, sem má ekki ske.

E: Hvað finnst þér um nýjunga eins og nýju hótelin og kaffihúsin?

S: Það er allt í lagi, þetta verður að taka við eitthvað.

E: Hvað finnst þér um Frystihúsið þar sem er búið að gera það upp?

S: Já, já, já, það er allt jákvætt finnst mér. Eins og hjá honum Viðari þarna, þetta er mjög jákvætt hvað það er búið að skapa atvinnu þarna við þessi hótél. Og það er allt jákvætt.

E: Hvernig sérðu framtíð Borgarfjarðar svona næstu árin?

S: Ég sé hana ekki almennilega fyrir mér. Ég hálf kvíði fyrir þessu. Til dæmis, með sauðfjárbúskap ef hann leggst af. Það þykir mér leiðinlegast, eða verst. Að horfa upp á það.

E: Hvað finnst þér samt um Bræðsluna og allt sem tengist henni?

S: Það er stór, stórgott fyrirtæki. Já, já, já. Allt félagslíf svona, svona finnst mér mjög jákvætt þó ég hafi aldrei verið mikill svona félagsmálamaður, ég er dálítill svona þverhaus. Jú, jú, ég var með þegar að ég var ungur og það er hið besta mál.

E: Tókstu þú eitthvað þátt í síldarárunum?

S: Já, ég var í síldarbræðslunni. Þarna meðan hún var svona stóð bara stutt yfir. Ég var þar á vöktum í tvö ár og svona. Svona yfir sumarið meðan síldin veiddist, já, já. Það í sambandi við bræðsluna, hún kom sér vel í sambandi við landbúnaðinn, hann varð að dragast saman vegna fjárpesta og þá fóru bændur að nýta sér þetta að hlaupa í vinnu. Það kom sér vel að ná sér í aur, og svoleiðis.

E: Er þér eitthvað sérstaklega minnisstætt síðan þá?

S: Nei, það er ekki nema þetta aðallega hvað var skemmtilegt í sambandi við íþróttirnar alltaf, maður hafði svo gaman að þessu og það var svo fjörugt þarna. Bræður mínir og stór hópur þarna. Þegar við fórum til Vopnafjarðar á þremur trillum til að keppa við Vopnfirðinga. Þeir buðu okkur norður. Og við vorum þarna um 5, 6 tíma. Það þótti því þá glæfralegt á þessum litlum trillum. Og við stóðum okkur, við unnum þá. Ég bara 16 ára þar. Við unnum Vopnfirðinga. Og það er svona minnisstæðast eða skemmtilegast í sambandi við íþróttirnar.

E: Já, skemmtilegt. Borgarfjörður er svona þekktur fyrir álfa og svoleiðis, trúir þú á álfa?

S: Já, já, já.

E: Hefurðu séð þá?

S: Nei. Ég trúi því sem að fólk segir því að það er vandað fólk sem að fór ekki með neitt fleypur, það sem hefur séð þetta og annað. Það er, það er staðreynd.

E: Hvar ertu fæddur?

S: Á Snotrunesi. Þá voru bara ljósmæður heima. Þá var sveitin svo feykilega mikið byggð.



Fótbolti um
1980-1990
Mynd: HMA



Nafn:

Hólmfríður Jóhanna Lúðvíksdóttir

Fæðingardagur:

25. febrúar 1983

Starf:

Grunnskólakennari

Búseta:

Borgarfjörður eystra

E: Hvaðan ertu?

H: Ég er frá Fáskrúðsfirði.

E: Af hverju fluttiru hingað?

H: Ég elti ástina hingað og hérna hóf sambúð hérna með Borgfirskum manni, það var semsagt 2000. Þannig að ég er búin að vera hérna í fimmtán ár.

E: Hvaða menntun hefuru?

H: Ég er Grunnskólakennari.

E: Af hverju komstu aftur hingað eftir menntunina? Af hverju vildiru kenna hér?

H: Mér bauðst starf við grunnskólann hérna og byrjaði að kenna og ákvað bara strax að bara fara í námið og halda bara áfram hér, góð vinna og svona. Það hefur einhvernveginn aldrei hvarflað neitt alvarlega að mér að fara héðan, líkar bara ofsalega vel hérna.

E: Okei, þú vinnur í Grunnskólanum en við hvað hefuru unnið?

H: Ég hef unnið í fiski, var að vinna hjá Kalla í nokkur ár, og ég vann í búðinni í eitt sumar, ég vann í Veitingasölnunni Fjarðarborg eitt sumar, svo var ég í heimilishjálpi hérna í einhverja mánuði með Fiskvinnunni. Ég vann líka í Álfakaffi, ég greip svona í það eitt sumarið og vann á Kaffihúsinu fyrsta árið sem að Kalli var með það.

E: Já þú ert sennilega bara búin að vinna útum allt hérna.

H: Já svona nokkurnveginn.

E: hvað finnst þér um Borgarfjörð eins og hann er í dag?

H: Mér finnst Borgarfjörður alveg yndislegur eins og hann er í dag, alveg yndislegur, sérstaklega yfir sumartímann, það einhvernveginn svona lifnar bara allt við, bara algjörlega og hérna mér finnst rosalega jákvætt hvað staðurinn er að fá mikla athygli, svona út á Bræðsluna og þetta listalíf, einhvernveginn bara kominn á kortið. Auðvitað má alltaf gera betur í húsnæðismálum og atvinnumálum og svona sko, en ég bara mjög sátt, mjög sátt.

E: Hvernig finnst þér þróunin hafi verið? Meiri ferðamanna iðnaður og minni iðnaður á öðrum sviðum.

H: Það er einmitt svona eins og með bræðsluna sko hún setur staðinn svolítið á kortið og þá kemur svolítið mikið með, mikill mannfjöldi, það vita allir hvar borgarfjörður eystri er núna, uppbyggingin í þessum ferðamanna iðnaði er bara mjög jákvæð held ég. Frábært að það skuli vera hægt að reka þessi hótél hérna, og auðvitað þyrfti náttúrulega að reyna að lengja ferðamanna tímabilið, ég held það sé að lengjast, en það er alltaf hægt að gera betur, staðurinn hefur ýmislegt upp á að bjóða, líka á veturna það væri alveg hægt að stíla inná það líka en annars finnst mér þetta bara mjög jákvætt, ofsalega gaman að sjá ferðamenn hérna.

E: Hvernig sérðu framtíð Borgarfjarðar svona næstu árin?

H: Ég sé fyrir mér að það fjölgi á staðnum.

E: Er það?

H: Já, það er eitthvað að gerast finnst mér, í hugarfari og viðhorfi gagnvart staðnum, þannig að ég svona ég veit það ekki, ég er svolítið bjartsýn, en til þess að það gerist þá þarf að byggja hérna, það vantar húsnæði og það vantar heilsárs atvinnu, það er nóg að gera hérna yfir sumartímamann en ekki yfir vetrartímamann, það er það sem að vantar aðeins. Við þurfum eitthvað, það vatnar eitthvað smá „boost” til þess að draga fólk hingað og ég held að það komi næstu árin.

E: Já en hvað finnst þér að unga fólkið geti gert til þess að hjálpa Borgarfirði?

H: Já, það er góð spurning! Oh, hvað get ég sagt? Þú rakst mig alveg á gat þarna! Það er kannski bara að unga fólkið fer í nám og þarf kannski halda Borgarfirði sem „option”, það er alveg líf hér líka, það væri frábært ef að allt þetta fólk sem að hefði farið í nám gæti hugsað sér að koma hingað aftur og hugsanlega vinna við sitt, þetta hangir allt einhvernvegin saman, kannski eru ekkert miklir atvinnumöguleikar þannig en það er líka kannski spurning um að búa sér til, þú veist skapa sér atvinnu og þannig, já svo bara halda áfram bara með þessa tryggð við staðinn. Mér finnst fólk yfir það heila halda rosa mikilli tryggð við staðinn, svona þessu ástfóstri, og það er bara frábært sko.

E: Já, ég er bara sammála þér! Hvað finnst þér um Framfararfélagið?

H: Ég er aðeins hlutdræg því að ég er í stjórn félagsins.

E: Já okei! Þá geturu bara sagt mér meir um það.

H: Já! Ég held að þetta félag sé góð hugmynd af upplagi sko, mjög góð hugmynd, fór alveg ofsalega vel af stað, það var einhver rosalegur hugur í mönnum þetta sumar sem að var í fyrra sumar, það fór rosalega hratt af stað og svona en, það hefur svolítið dalað, starfsemin. Og ég held að þetta félag geti gert allann fjandann! Ég held það, ég held að þetta félag geti stuðlað af rosalega góðum hlutum hérna á staðnum en við þurfum bara að virkja það aðeins betur. Og það er náttúrulega á ábyrgð okkar í stjórninni að gera það.

E: Hvað er það sem að þið hafið verið að hugsa um? Eða þú veist, hafið þið verið að hugsa um að gera eitthvað?

H: Við höfum verið að þæla í náttúrulega atvinnumálunum og húsnæðismálunum, við höfum svolítið verið að huga að þessu yfir vetrartímam þá er rosalega lítið að gerast í rauninni. Sumarið kemur með öllu sínu, þá er bara allt í gangi og síðan dettur þetta bara svolítið niður og við höfum svona aðeins verið að reyna að standa fyrir námskeiðum og svona, einhverskonar viðtölum. Við höfum verið að virkja UMFB, það hafa verið æfingar, íþróttæfingar yfir veturinn

E: Fyrir krakka þá?

H: Fyrir krakka, og það var opið fyrir fullorðna líka sko en það datt nú eitthvað niður. Þannig að við höfum aðeins verið að fókusa svolítið á vetrartímam svo að það sé svo eitthvað fyrir fólk að líta til sko, við fengum til dæmis hann Guðjón Kristjánsson (Guðjón Björn Kristjánsson), hann kom með yoga námsskeið, svona ayurvedísk fræði og kokkamennska og svona, rosa gaman, svakalega gaman! Það væri mjög sniðugt að halda þessu eitthvað áfram og reyna að skapa svona einhver tækifæri fyrir fólk, síðan höfum við verið að horfa á matvælaíðnaðinn hérna, við höfum svolítið mikinn áhuga á að skapa svona Borgfirskar krásir, eitthverja svona matartengda ferðaþjónustu sem að gæti komið staðnum svolítið á kortið sko, við erum náttúrulega með topp hráefni hérna, alveg, bæði í fiski og kjöti og bara ýmisu örðu sko. Við erum með allskyns jurtir og náttúruna bara hérna við stofugluggann, þannig að hérna þetta er svona tækifæri sem að við sjáum, það er svolítið vagnýtt. Ég held að þetta félag gæti gert mjög góða hluti með örlítið meiri starfsemi, það þarf aðeins að gefa þessu svolítið meira „boost“ núna.

E: Hvað finnst þér um Bræðsluna?

H: Mér finnst Bræðslan alveg frábær! Í bara alla staði, bara algjörlega, þetta er bara svona bæjarhátíðin

okkar. Bara frábært að þetta skuli ganga alltaf svona rosalega vel, á þessum litla stað það skuli koma allt þetta fólk. Það eru aldrei nein stór áföll ekkert svona, ekkert stórvægilegt, ég meina þegar margt fólk kemur saman þá gerist alltaf eitthvað sko, það er aldrei neitt eitthvað „heavy” held ég. Og bræðslan hefur náttúrulega eins og ég sagði áðan bara komið okkur á kortið, það vita allir hvar þessi staður er og það er bara svona þéttur kjarni sem kemur alltaf og ég held að þetta hafi rosalega jákvæð áhrif á ímynd staðarins. Hún má ekki vera stærri þessi hátíð, við þurfum að getað þjónustað þetta fólk, þetta má bara vera svona eins og það er.

E: Það truflar ekkert að tjaldsvæðið sé svona nálægt?

H: Það var svona aðeins, það er tjaldað bara hérna næstum því upp í garðinn hjá mér það er svolítið ónæði frá fólkum sem að var að leggja ólöglega hérna í kring sko, og svolítill umferð hérna með fram, fyrir utan stofugluggann hjá mér. Svólítið rusl í garðinum og svona, en þú veist, hey! Þetta er ekkert alvarlegt sko, það var bara ótrúlega lítið, ég hef bara gaman af því, ég fylgist með fólkum útum gluggann, það var reyndar svolítið af unglingum hérna, ég er bara búin að vera einu sinni hérna og það var eina nóttina og þá var svona dálítill hárræsti sko, en það var ekkert, þetta er einu sinni á ári, ég var ekkert brjáluð sko. Annars finnst mér þetta bara frábært.

E: Já það er gott. Hvaða breytingar myndir þú vilja sjá á Borgarfirði?

H: Ég myndi vilja sjá breytingu í húsnæðismálum, það er svona þínu eigin hagsmunir sko, ég er hérna í leiguíbúð, mér líður ekkert illa hérna sko, það er ekki það, þetta er fínasta íbúð en okkur langar náttúrulega í eigin húsnæði, stærra og svoleiðis þannig að ég væri alveg til í eigið húsnæði en ég veit ekki alveg hvernig ég á að snúa mér í því sko, það eru engar íbúðir til að kaupa en ef maður á að fara út í það að byggja þá væri það dálítið mál sko og þegar maður þyrfti að fá aðstoð, algjörlega, en það er svona aðalega þetta, sem að ég myndi vilja sjá sko, húsnæðismálin.

E: Hverjir eru fjölskylduhagir þínir?

H: Maki og eitt barn.



Lindarbakki



Myndir: HSH

Dyrfjöllin



Bræðslan 2008 - Hátíðin hefur stækkað mikið síðan þá



Kindur og sólarlag



Nafn:

Kristján Geir Þorsteinsson

Fæðingardagur:

9. mars 1987

Starf:

Grunnskólakennari (leiðbeinandi)

Búseta:

Borgarfjörður eystra

E: Hvað hefurðu búið lengi á Borgarfirði?

S: Alltaf, 28 ár eiginlega, með hléum þar sem ég fór náttúrulega í burtu í menntaskóla. Var þar í heimavist og svo bjó ég í Reykjavík í þrjú ár. Eitt ár að vinna og tvö ár í háskóla. Og nennti ekki að búa þarna lengur og kom aftur hingað.

E: Hvaða menntun hefurðu?

S: Ég er með stúdentspróf og er að ljúka BD gráðu í kennarafræði.

E: Af hverju komstu aftur á Borgarfjörð eftir menntun og fórst að vinna hér?

S: Sennilega bara af því að það er gott að vera heima hjá sér. Og var bara kominn með nóg af því að búa í borginni mér fannst það ekki spennandi. Ég nennti ekki að klára námið þar. Þannig að ég ákvað að koma heim og taka það bara í rólegheitum áfram í fjarnámi. Og svo er ég svo heppinn að geta fengið stöðu hérna að eitthverjum hluta sem kennari, eða leiðbeinandi, ég er ekki með réttindi. Og það er náttúrulega bara dýrmætt að geta komist í þannig, að geta kynnst starfinu sínu strax. Það er ekkert auðvelt að búa í Reykjavík, það er ekki ódýrt að búa þar. Maður þarf að taka sér námslán til þess að vera í náminu þar og ég fékk einhvern 120, 30, 40 þúsund kall á mánuði. 100 þúsund kall af því fór í að borga leigu hjá Byggingarfélagi námsmanna sem eru með Stúdentagarða og gefa sig út fyrir að vera með ódýrt leiguhúsnaði, bara stúdíóíbúð. Það kostaði alltaf 100 þúsund kall á mánuði með hita, rafmagni og interneti, þannig að ég varð að taka mér námslán til þess að búa í Reykjavík til þess að rétta Byggingarfélagi námsmanna peninginn. Mér fannst það eiginlega vitleysa. Þannig að ég ákvað að koma bara heim og dunda mér við þetta hérna.

E: Við hvað hefurðu unnið?

S: Ég hef verið að kenna núna í svona eitt, eitt og hálf ár í misjafn mikilli prósentu, af því að ég hef verið í námi með. Svo hef ég unnið allan fjandann. Mikið í fiski og í múrverki. Svo unnið í íþróttamiðstöð og svo náttúrulega í sveitinni hérna í heima á Borgarfirði, hef unnið mikið með foreldrum mínum. Þannig að þetta hefur verið svona alls konar hrærigrautur. Og svo hef ég náttúrulega sumardjobbið mitt er að vera með matsölu og bar í Félagsheimilinu hérna á Borgarfirði.

E: Hvað finnst þér um Borgarfjörð eins og hann er í dag?

S: Borgarfjörður er rosalega finn eins og hann er í dag og hann er ábyggilega betri í dag heldur en hann leit út fyrir að geta orðið fyrir 10 árum held ég. Það er rosalega margt búið að breytast til góðs en líka rosalega margt sem er búið að fara á verri veg, eins og maður hefur það á tilfinningunni að maður viti til dæmis ekki hversu lengi sjávarútvegurinn verður lifandi hérna. Fiskvinnslan er alltaf að draga saman finnst manni. Það er orðið of erfitt fyrir fólk að hafa vetrarvinnu af fiskinum. En aftur á móti hefur náttúrulega verið rosaleg uppbygging í ferðaþjónustunni. Ef við horfum 10 ár aftur í tímann þá var ekki neitt hér sem hét Álfheimar sem er hótél, fullt af herbergjum, og Blábjörg var ennþá gamallt frystihús, Álfakaffi var bara Álfasteinn, bara steinverksmiðja en þetta er núna orðið kaffihús. Og það voru dálítið breyttir rekstrarhættir líka í Fjarðarborg þar sem ég er á sumrin. Við reynum að kveikja mikið menningarlífið með því að halda reglulega tónleika og þess háttar. Sumartúrisminn og svo er Bræðslan náttúrulega sprengjan yfir sumarið, en það sem er óhentugt við þetta er að allt þetta varir bara í þrjá mánuði á ári en þyrfti helst að vera öfugt, vera svona 8-9 mánuði á ári. Það er mjög rólegt hérna á veturna. Ef við getum snúið þessu á hvolf þá væri það mjög gott en það er sennilega ekki hægt.

E: Hvernig finnst þér þróunin hafa verið, svona ferðamannaíðnaður og minni iðnaður á öðrum sviðum?

S: Það er náttúrulega rosalega jákvætt að fá túrismann inn því að ef við hefðum ekki fengið túrismann inn eins og hann er orðinn núna þá væri ekki mjög margt í gangi hér, í rauninni. Það er búið að stimpla inn sem mjög vinsælan ferðamannastað og hér kemur allskonar fólk bara sem gerir sér jafn vel ferð bara til þess að sjá lunda eða eitthvað álíka og náttúrulega víknaslóðirnar. Göngurnar hér í kring eru alltaf rosalega vinsælar og ef við hefðum ekki þetta á sumrin, sem sagt blómstrandi ferðamannaíðnað þá væri mjög lítið við að vera. Fólkinu sem að hefur verið með fasta búsetu hér fækkar rauninni séð. Og þótt íbúafjöldinn rjúki upp um sumarið veður veturinn alltaf erfiður.

E: Hvað finnst þér betur mætti fara?

S: Það er rosalega erfitt að segja. Það er ekki til nein draumalausn, þetta er ábyggilega eitthvað sem má rekja til stjórnvalda marga áratugi aftur í tímann. Engin eða illa mótuð eða byggðarstefna sem ekki hefur gengið

upp, það var gripið að mínu mati alltof seint inni að sporna við fólksflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgasvæðinu. Þangað til að allt í einu á að fara að reyna eitthvað og þá er það gert með drastískum og oft mjög misheppnuðum hætti. Eins og ákvarðanir stjórnvalda að flytja fiskistofu norður í land og það eina sem hefst upp úr því er óánægja starfsfólks. Þannig að það er ekki til nein draumalausn en ég meina, við verðum bara að og reyna að sjá hvað er hægt að gera, við höfum stofnað hér framfarafélag og það er enginn að segja að það sé draumalausn enda átti það félag aldrei að draga bara fólk út úr erminni, bara vinna í að fá fólk til þess að búa hérna. Það er aðallega að reyna að hugsa kring um það hvernig við getum gert þetta íbúðarvænt og reynt að laða að okkur fólk og þá náttúrulega þurfum við atvinnu og húsnæði sem veltur mikið á.

E: Hvernig sérðu framtíð Borgarfjarðar næstu árin?

S: Dálítið spurningarmerki í rauninni. Það vantar alveg inn kynslóðir eða alla veganna, eða þá eina stóra kynslóð. Hér eru foreldrar mínir sem eru núna komin yfir sextugt, það eru svona fólk niður í fertugt. Svo eru í rauninni eru rosalega fáir sem eru aldrinum á milli þrjátíu og fjörtíu, rosalega fáir, sennilega bara tveir. Og sömuleiðis þá erum við heldur ekki mörg sem erum á mínum aldri. Svona milli tuttugu þrjátíu ára. En það er þessi veltingur sko, nú mennta sig allir í dag, það vilja allir geta starfað við sína menntun. Og það náttúrulega reynist erfitt þar sem að atvinnan er kannski mjög fábreytileg í boði. Það sennilega snýr þá aðallega landbúnaði, sjávarútvegi eða þá þjónustustörfum. Það er í rauninni ekki margt annað sem er í boði hér. Ekki nema þú gerist sjálfstætt starfandi og skapandi með þína eigin atvinnu, þannig þú getir unnið gegnum tölvu og þess háttar. Og það er eitthver sem þyrfti kannski meira að horfa á sko, hvaða störfum getum við bætt við okkur án þess að ætla okkur að byggja álver hérna? Hvaða lítið þæginlegt getum við gert til að fá meiri fjölbreytni í þau störf sem hægt er að hafa hérna. Þetta er það sem þarf að skoða og eins og ég segi, framtíðin er spurningamerki.

E: Hvað finnst þér að við unga fólk getum gert til þess að hjálpa á Borgarfirði?

S: Það er góð spurning. Við getum reynt að eignast börn, reynt að fjölga Borgfirðingum. En þó okkur finnst það bara rómantískt og þæginlegt að vita til þess að við getum verið innilokuð hérna í snjó og ófærð er ekki

víst að við finnum okkur maka sem vill búa hérna allt árið. En hvað við getum gert annað heldur en að reyna eignast börn? Það er náttúrulega bara að vera á staðnum. Við erum virkir þátttakendur því sem við köllum ungt fólk á Borgarfirði. Við reynum að gera okkar og þegar að einhver bíður upp á eitthvað þá sjáum við mjög virka þátttöku í því. Ég meina, ég sé það bara þegar sem við höldum tónleika á sumrin, að unga fólkið kemur á tónleikanna. Það situr ekki heima og hugsar bara „hm, það er leiðinlegt hérna“. Það tekur þátt í því að við erum að reyna að virkja staðinn. Og það er náttúrulega bara rosalega, það er hlutverk sem má ekki vanmeta að taka þátt í því sem er að gerast. Að sjálfsögðu ættum við að sýna meira frumkvæði að ýmsu leiti. Þó að við vitum ekki endilega við hvað. Við þurfum þá ábyggilega að fá betri hugmyndir um hvað við viljum gera til þess að láta staðinn virka áfram.

E: Hvað finnst þér um framfarafélagið?

S: Það er bara eins og ég sagði áðan, mjög góð hugmynd og það er ekki eins og það sé búið að starfa lengi og bara búið að liggja í dvala í mörg ár. Það er náttúrulega bara, fólk er að læra inn á það hvernig á að reka svona rauninni er það ennþá í mótun hvað á að gera og hverju þarf að koma fram. En maður skynjar það kannski sum staðar að fólk fussar og segir að það skyldi hefði verið stofnað þetta og eitthverjum draumórum sem er aldrei mögulegt að framkvæma, að fá fólk til þess að flytja hingað eða eitthvað, en þetta er alla veganna fyrsta skrefið, það skal enginn segja mér að það að stofna þetta félag hafi ýtt eitthverjum í burtu sem vildi flytja hingað. Það getur ekki virkað sem öfugur ás. Það virkar alltaf hvetjandi þegar eitthvað er að reyna að gera. Og þó að það hafi kannski ekki verið 100% heppnað af öllu leiti á það kannski eftir að gera það með tímanum.

E: Hvað finnst þér um Bræðsluna?

S: Hún er bara frábær, hún hefur gert svo rosalega mikið fyrir þennan stað. Orðin miðpunktur sumarsins og ekki bara hjá okkur, nú virðist vera miðpunktur sumarsins hjá öðrum Austfirðingum líka, þeir sækja hingað, þetta er svona eins og ég sagði eitthvertíman við einhvern, að þetta er orðið svona eins og annann í jólum ball sumarsins þar sem að þú veist að þú getur farið á stað og hitt alla gömlu kunningja þína sem þú ert kannski ekki búinn að sjá í nokkur ár. Þetta er orðið svo miklu meira en tónleikar, þetta er svona eitt stórt

„get-together“. Þú veist að það verður gaman, stemningin er góð og alveg sama þó að þú sért ekki endilega spenntur fyrir tónlistinni sem að verður, þá sækirðu í félagsskapinn og stemninguna sem er þarna. Og það sem Bræðslan hefur gert er koma staðnum rosalega mikið á kortið. Ef t.d. þú talar við fólk sem veit ekkert um Borgarfjörð, er það yfirleitt fyrsti hluturinn sem að kveikir á bara „Já! Bræðslan er þarna“. Þannig að þetta er orðið svona „trademark“ fyrir staðinn eiginlega.

E: Hvaða breytingar myndirðu vilja sjá á Borgarfirði?

S: Það er góð spurning. Ég myndi náttúrulega vilja sjá, ef ég mætti biðja um nákvæmlega það sem ég vildi þá myndi ég biðja um að leysa atvinnuvandann á eitthvern hátt, útbúa fjölbreyttari atvinnu og fleiri störf til þess að gera það... sem sagt aðlaðandi fyrir fólk að flytja hingað. Og þá sko, og þá fyrir barnafólk. Því að eins og staðan er í dag þá til dæmis er daldið erfitt að horfa fram á þróun grunnskólans á svæðinu, það er ekki það mörg börn í honum þó hann hafi reyndar haldist alveg ótrúlega stabíll með fjölda barna frá því að ég kláraði grunnskólann eiginlega. Það hefur ekki verið miklar sveiflur í fjöldanum en það er hins vegar ekki nema þrjú, fjögur börn á leikskólanum í dag og það eru sextán nemendur í skólanum og sex þeirra verða farnir eftir tvö ár. Þannig að það fer að fækka ansi hratt. Það kemur að því að það verður ekkert unglíngastig í skólanum. Þannig að þá í rauninni minnkar, það eiginlega dettur út, liggur við eitt starf þá á þeim tíma sko. Þannig að, ef maður mætti fá eitthvað þá væri það í rauninni séð bara atvinna og húsnæði og fólk. Svona stærsti draumurinn. En ég meina, við vældum svo mikið yfir internetið að við fengum viðunandi internet tengingu, bara strax mikill munur. Það sést líka að það verður að láta heyra í sér, það er ekki bara nóg að sitja og bíða eftir að hlutirnir detti bara upp í hendurnar á manni, það þarf oft að hafa mikið fyrir þeim. En ég meina, svo ef ég horfi yfir til Seyðisfjarðar segi bara að við viljum jarðgöng líka, það er líka bara algjörlega óraunhæft. Ég væri ánægður ef við fáum aðeins meira malbik en þú veist, það er ekki það sem að aftrar að neinum að vilja búa hérna, það er ekki samgöngurnar. Við getum alveg náð að semja um Vatnsskarðið til þess að búa hérna og fengið fólk til þess að búa hérna.

Ég fékk góð svör því fólki sem að ég talaði við. Viðmælendur mínir voru sammála um að það vantaði íbúðarhúsnæði og fjölbreyttari atvinnu þá sérstaklega á veturna. Lítið framboð af leiguhúsnæði í Borgarfjarðarhreppi og fábreytt atvinna á veturna gæti verið ástæða þess að yngra fólk prófar ekki að búa allt árið á Borgarfirði. Yngra fólk sem ég tók viðtal við sér samt töluverða möguleika á uppbyggingu ferðamannaíðnaðar á staðnum en eldra fólk horfir meira á hefðbundnar atvinnugreinar, eins og landbúnað og sjávarútveg. Allir eiga viðmælendurnir sameiginlegt að vilja snúa þróuninni við, að íbúum fjölgi og atvinnan blómstri. Allir voru sammála um að tónlistarhátíðin Bræðslan og tónleikahald í kringum þá hátíð væri mikil lyftistöng fyrir staðinn. Bræðslan, eins og svo margar menningar og tónlistarhátíðir úti á landi auka kynningu af minni stöðum á landsbyggðinni og bætir menningar og mannlíf á litlu stöðunum. Að mínu mati er mikilvægt að halda í litlu staðina í kringum Ísland, menningarlega og byggðarlega séð. Framtíð Borgarfjarðar er óljós, á næstu árum munum við sjá hver framtíð litla þorpsins míns við sjóinn verður.



Borgarfjörður. Mynd: HSH

Heimildarskrá

Hagstofa Íslands. (2004). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1. desember 1990-2004 - Endanlegar*. [tafla]. Sótt 28.apríl 2015 af <http://www.hagstofa.is/>

Stefna ehf. *Sjósókn og útgerð*. (2010). Uppfært af Hafþóri Snjólfí Helgasyni 2010. Skoðað 20. mars 2015 af <http://www.borgarfjordureystri.is/um-borgarfjord/gamlar-frasagnir/sjosokn-og-utgerd>

Stefna ehf. *Um Borgarfjörð*. (2010). Uppfært af Hafþóri Snjólfí Helgasyni 2012. Skoðað 20. mars 2015 af <http://www.borgarfjordureystri.is/um-borgarfjord>

Myndirnar eiga: Elsa Katrín Ólafsdóttir, Hafþór Snjólfur Helgason, Helgi Magnús Arngrímsson.

Þakkir

Ég vil þakka...

Mömmu, pabba og Ásgrími Inga fyrir að fara yfir verkefnið mitt.

Mömmu fyrir að hjálpa mér að skrifa textana.

Hafþóri Snjólfí fyrir að lána mér myndir.

